



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

2209104

Minnisblað um umdæmisráð barnaverndar

Höfundar: Anna Rut Tryggvadóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir og Þorsteinn Hjartarson

Málsnúmer: 2209104

Dagsetning: 31. október 2022

Efni: Umdæmisráð vegna barnaverndar í Árborg – staða mála

Áform voru uppi um að vera í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Kragann, um umdæmisráð barnaverndar en því miður gekk það ekki eftir. Þá var haft samband við félagsmálastjóra Reykjanesbæjar en sveitarfélögin á Suðurnesjum höfðu einnig sótt um samflot með Kraganum sem gekk heldur ekki eftir. Í kjölfarið ræddu deildarstjóri félagþjónustu Árborgar, teymisstjóri barnaverndar og sviðsstjóri fjölskyldusviðs við félagsmálastjóra Reykjanesbæjar um mögulegt samstarf enda bendir allt til að hagsmunum Árborgar sé betur borgið í samstarfi um umdæmisráð barnaverndar með þeim sveitarfélögum en með sveitarfélögum á landsvísu enda er íbúafjöldi þessara sveitarfélaga á Suðurnesjum og Árborg yfir 30 þúsund. Félagsmálastjóri Reykjanesbæjar tók vel í beiðni Árborgar.

Nú er staðan þannig að sveitarfélögin á Suðurnesjum munu leggja til við bæjarráð sveitarfélaganna á svæðinu að stofnað verði umdæmisráð fyrir Suðurnesin og samið verði við skrifstofu samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum um aðstöðu og aðbúnað fyrir fundi ráðsins. Þar verður jafnframt upplýst um ósk Árborgar um að taka þátt í stofnun þessa umdæmisráðs með Suðurnesjum og að félagsmálayfirvöld séu mjög jákvæð fyrir því samstarfi, þ.e.a.s. að stofnað verði sameiginlegt umdæmisráð barnaverndar á Suðurnesjum og í Árborg. Þegar þetta er ritað er áætlaður fundur með félagsmálastjórum á Suðurnesjum síðar í vikunni.